

Viðbragðsflokkar á starfssvæðinu

Fylgirit 5 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 – 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Efnisyfirlit

Inngangur 3

2. Aðferðafræði 4

2.1 Grunnskipulag.....5

2.2 Ábyrgð, verkefni og forgangsröðun5

3. Eldsvoðar 6

3.1 Viðbragðsflokkur 17

3.2 Viðbragðsflokkur 28

3.3 Viðbragðsflokkur 39

3.4 Viðbragðsflokkur 410

3.5 Viðbragðsflokkur 511

3.6 Körfubifreið11

3.7 Fjórir slökkviliðsmenn11

3.8 Þrír slökkviliðsmenn11

4. Mengunaráhapp 12

4.1 Viðbragðsflokkur 113

4.2 Viðbragðsflokkur 214

4.3 Viðbragðsflokkur 315

4.4 Viðbragðsflokkur 416

4.5 Viðbragðsflokkur 517

4.6 Fjórir slökkviliðsmenn17

4.7 Þrír slökkviliðsmenn17

5. Björgun á fastklemmdu fólki 18

5.1 Viðbragðsflokkur 119

5.2 Viðbragðsflokkur 220

5.3 Viðbragðsflokkur 321

5.4 Viðbragðsflokkur 422

5.5 Viðbragðsflokkur 523

6. Stjórnun 24

6.1 Slökkviliðsstjóri og staðgenglar25

6.2 Innri stjórnun, aðgerðastjórn.....25

6.3 Ytri stjórnun, vettvangsstjórn25

7. Heimildir 26

7.1 Helstu heimildir.....26

7.2 Helstu lög og reglugerðir26



1.Inngangur

Í þessu fylgiriti með brunavarnaáætlun SHS 2018-2022 er gerð grein fyrir viðbragðsflokkunum fimm og hvernig verkefni þeirra skilgreinast og skiptast eftir því hvert eftirfarandi lögbundinna verkefna slökkviliða er að ræða:

- Eldsvoða
- Mengunaróhapp
- Umferðaróhapp

Ekki er fjallað um önnur verkefni SHS, sem ekki falla undir lög um brunavarnir, í þessu fylgiriti.

Í fylgiriti 2 með brunavarnaáætlun SHS er áhætta á starfssvæði SHS metin. Áhættum er skipt í 11 flokka og 81 áhættu, þar af 38 mannvirki sem teljast sérstakar áhættur.

Nánar má lesa um áhættuflokkana í [fylgiriti 2 um kortlagningu á áhættu á starfssvæði SHS](#). Sérhver áhætta hefur tilgreindan viðbragðsflokk, frá 1 til 5, sem tengist afleiðingum hennar í áhættumati.

Stærstu og erfiðustu áhættur á starfssvæðinu móta að vissu leyti stærð slökkviliðsins, en ráðandi forsenda fyrir árangri slökkviliðsins er að viðbragðstími sé innan þeirra marka sem sett eru af Mannvirkjastofnun. [Sjá nánar fylgirit 1 um viðbragðstíma.](#)

Tafla 1. Áhættuflokkar.

Flokkar	Fjöldi
Brennusvæði og opinn eldur	2
Ferðamannaíðnaður og afþreying	7
Heilbrigðisstofnanir	3
Iðnaður	3
Menntastofnanir	5
Samgöngur og flutningar	4
Sérstakar áhættur	43
Stjórnslan	4
Söfn og menningarverðmæti	5
Vatnsverndar- og útivistarsvæði	2
Verslun	3
Alls	81



2. Aðferðafræði

Í fylgiriti 2 um áhættugreiningu, er fjallað um áhættur og viðbragðsflokka þeirra. Viðbragðsflokkur hvernar áhættu er tengdur afleiðingum atviksins í áhættumatinu og segir til um viðbragð slökkviliðsins hverju sinni.

Viðbragðsflokkarnir eru 5 og skilgreindir á eftirfarandi hátt:

Viðbragðsflokkur 1,	viðbragð frá	1	stöð.
Viðbragðsflokkur 2,	viðbragð frá	1-2	stöðvum.
Viðbragðsflokkur 3,	viðbragð frá	2-3	stöðvum.
Viðbragðsflokkur 4,	viðbragð frá	3-4	stöðvum.
Viðbragðsflokkur 5,	viðbragð frá	4+	stöðvum, getur leitt til að kallað sé eftir aðstoð frá öðrum viðbragðsaðilum.

Einnig er gert ráð fyrir að stöðvarnar séu komnar á vettvang á mismunandi tímum fyrir hvern viðbragðsflokk:

1. stöð	á innan við	10	mínútum.
2. stöð	á innan við	15	mínútum.
3. stöð	á innan við	20	mínútum.
4. stöð	á innan við	25	mínútum.

Miðað er við að mönnun sé í takt við kröfur Mannvirkjastofnunar eins og fram kemur í árlegri endurskoðun stofnunarinnar á brunavarnaáætlun SHS. [Sjá nánar í kafla 5 í brunavarnaáætluninni.](#)



3. Eldsvoðar

Gengið er út frá ákveðnum grunnverkefnum, án þess að farið sé of ítarlega í þau, en þau eru

- vettvangsstjórn,
- dæla, bifreið og búnaður,
- stjórnun reykkafara,
- reykköfun, innanhúss,
- hlutastjórnun ýmissa verkþátta,
- vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.

Önnur aðstoð/verkefni sem gera má ráð fyrir að þurfi að leysa eru t.d.

- sjúkrabifreið/-bifreiðar, aðstoð við almenning, vettvang o.fl.,
- löggæsla, lokanir, rannsókn o.fl.

3.1 Viðbragðsflokkur 1

Einfalt verkefni sem gert er ráð fyrir að mannaflí og tæki frá einni stöð ráði við. Eldur á víðavangi, í bifreið, ruslagámi, skúrbyggingu og þess háttar. Ekki hætta á útbreiðslu elds.

Reykkafarar geta þurft að setja á sig reykköfunartæki. Gert er ráð fyrir að ökumaður sjái um dæluna, bifreið og búnað hennar, ásamt því að sinna einfaldri vatnsöflun ef þörf er á.

Hér er miðað við að ein fimm manna áhöfn komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 3. Verkpættir viðbragðsflokks 1.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F																			1	0	
Stjórnun reykkafara			F																		1	0	
Reykköfun, innanhúss				F	F																2	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta																					0	0	
Vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss		V	V	V	V																0	4	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	5	4

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi reykkafara.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna reykköfun.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, m.a. hvort færa þurfi verkefnið í annan viðbragðsflokk og kalla eftir frekari aðstoð.

3.2 Viðbragðsflokkur 2

Verkefni sem kallar á viðbragð frá 1-2 stöðvum. Boðun neyðarlínu er F1, allar stöðvar í viðbragðsstöðu. Sent er frá þeirri stöð sem er næst vettvangi og síðan annarri stöð til aðstoðar eftir atvikum. Eldur í minni iðnaði, einbýlishúsi, stærri bifreið. Ekki mikil hætta á útbreiðslu.

Hér er miðað við að tvær fimm manna áhafnir komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 4. Verkpættir viðbragðsflokks 2.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F					F														2	0	
Stjórnun reykkafara			F					F													2	0	
Reykköfun, innanhúss				F	F				F	F											4	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta						F															1	0	
Vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss		V	V	V	V		V	V	V	V											0	8	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	10	8

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi reykkafara.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna reykköfun.

Stöð 2:

- Varðstjóri aðstoðar vettvangsstjóra og tekur að sér hlutastjórnun ýmissa verkþátta.
- Ökumaður er tilbúinn að aðstoða ökumann á stöð 1 og fer jafnvel í vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.
- Slökkviliðsmaður 3 er tilbúinn að aðstoða stjórnanda reykkafara eða fer jafnvel í vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.
- Slökkviliðsmaður 4 og 5 eru tilbúnir að fara í reykköfun eða í vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, m.a. hvort færa þurfi verkefnið í annan viðbragðsflokk og kalla eftir frekari aðstoð.

3.3 Viðbragðsflokkur 3

Verkefni sem kallar á viðbragð frá 2-3 stöðvum. Boðun neyðarlínu er F1, allar stöðvar í viðbragðsstöðu. Sent er frá þeirri stöð sem er næst vettvangi og síðan ein til tvær stöðvar til aðstoðar eftir atvikum. Eldur í íbúð í fjölbýlishúsi, skóla, gistiheimili, stærra iðnaðarhúsi o.fl. Möguleg hættu á dreifingu.

Í töflunni er miðað við að þrjár fimm manna stöðvar komi á staðinn, án annarrar aðstoðar.

Tafla 5. Verkpættir viðbragðsflokks 3.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F					F					F									3	0	
Stjórnun reykkafara			F					F					F								3	0	
Reykköfun, innanhúss				F	F				F	F				F	F						6	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta						F					F										2	0	
Vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss		V	V	V	V		V	V	V	V		V	V	V	V						0	12	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	15	12

F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi reykkafara.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna reykköfun.

Stöð 2 og 3:

- Varðstjóri aðstoðar vettvangsstjóra og tekur að sér hlutastjórnun ýmissa verkþátta.
- Ökumaður er tilbúinn að aðstoða ökumann á stöð 1 og fer jafnvel í vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.
- Slökkviliðsmaður 3 er tilbúinn að aðstoða stjórnanda reykkafara eða fer jafnvel í vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.
- Slökkviliðsmaður 4 og 5 eru tilbúnir að fara í reykköfun eða í vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, m.a. hvort færa þurfi verkefnið í annan viðbragðsflokk og kalla eftir frekari aðstoð.

3.4 Viðbragðsflokkur 4

Verkefni sem kallar á viðbragð frá 3-4 stöðvum. Boðun neyðarlínu er F1, allar stöðvar í viðbragðsstöðu. Sent er frá þeirri starfsstöð sem er næst vettvangi og síðan ein til þrjár stöðvar til aðstoðar eftir atvikum. Stóreldur í stærri byggingum, t.d. hóteli, Hörpu og Egilshöll, sjá fylgirit 2 um kortlagningu á áhættu á starfssvæði liðsins.

Hér er miðað við að fjórar fimm manna áhafnir komi á staðinn, án annarrar aðstoðar.

Tafla 6. Verkpættir viðbragðsflokks 4.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F					F					F					F				4	0	
Stjórnun reykkafara			F					F					F					F			4	0	
Reykköfun, innanhúss				F	F				F	F				F	F				F	F	8	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta						F					F					F					3	0	
Vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss		V	V	V	V		V	V	V	V		V	V	V	V		V	V	V	V	0	16	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	20	16

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi reykkafara.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna reykköfun.

Stöð 2, 3 og 4:

- Varðstjóri aðstoðar vettvangsstjóra og tekur að sér hlutastjórnun ýmissa verkþátta.
- Ökumaður er tilbúinn að aðstoða ökumann á stöð 1 og fer jafnvel í vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.
- Slökkviliðsmaður 3 er tilbúinn að aðstoða stjórnanda reykkafara eða fer jafnvel í vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.
- Slökkviliðsmaður 4 og 5 eru tilbúnir að fara í reykköfun eða í vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, m.a. hvort færa þurfi verkefnið í annan viðbragðsflokk og kalla eftir frekari aðstoð.

3.5 Viðbragðsflokkur 5

Verkefni þar sem daglegt viðbragð SHS, mönnun á vakt, dugir ekki og gera þarf frekari ráðstafanir. Þær geta m.a. falist í eftirfarandi:

- Starfsmenn af frívakt kallaðir út. Allir starfsmenn SHS eru boðaðir í gegnum farsíma og boðað er af Neyðarlínu.
- Óskað eftir aðstoð frá öðrum viðbragðsaðilum á starfssvæði SHS.
- Óskað eftir aðstoð frá nærliggjandi slökkviliðum og viðbragðsaðilum.
- Óskað eftir aðstoð frá fyrirtækjum sem búa yfir mannafla og/eða búnaði sem gæti nýst við viðkomandi verkefni.

Stórbrunnar, svo sem í stórum iðnaðarfyrirtækjum, stórum hótelum, heilbrigðisstofnunum og stærri áhættum á svæðinu.

Einnig getur þetta ástand komið upp ef fleiri en eitt verkefni kemur upp á sama tíma.

3.6 Körfubifreið

Í dæmunum hér að framan var ekki gert ráð fyrir þörf á körfubifreið. Sé þörf á körfubifreið fer einn af fimm mönnun á þeirri stöð sem körfubílinn er á, á henni í útkallið. Hinir vinna þá samkvæmt viðmiðunum um fjögurra manna áhöfn, sjá kafla .

3.7 Fjórir slökkviliðsmenn

Í dæmunum hér að framan var gert ráð fyrir að allar stöðvar væru mannaðar fimm mönnum, en svo er ekki. Mönnun á Skarhóla-braut er fjórir menn, en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi í fimm á gildistíma brunavarnaáætlunarinnar. [Sjá framkvæmdaáætlun í brunavarnaáætlun.](#)

Stjórnandi metur möguleika á aðgerðum miðað við fjóra slökkviliðsmenn og aðstoð á leiðinni. Hann getur hafið lífbjörgun með því að senda reykkafera inn með háþrýstislöngu, en gegnir þá sjálfur stöðu vettvangsstjóra og stjórnanda reykköfunar. Upplýsir aðkomandi stöðvar um hafnar aðgerðir svo þær geti betur undirbúið aðkomu sína. Fyrstu menn sem koma til aðstoðar fara þá í verkefni sem stjórnandi reykköfunar og síðan aðra aðstoð.

Ef þessi staða kemur upp skal skrá hana sérstaklega og greina eftir að útkalli lýkur. Það er á ábyrgð stjórnanda að gera allt til að framkvæma lífbjörgun, þó ekki sé fullmannað á vettvangi skv. ákvæðum laga og reglna þar um, enda teldist það neyðarréttur stjórnanda sbr. 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stjórnandi skal þó ávallt hafa öryggi starfsmanna að leiðarljósi.

3.8 Þrír slökkviliðsmenn

Í undantekningartilfellum geta þrír menn þurft að sinna útköllum vegna slökkvistarfa, það er ef sjúkrabifreið af viðkomandi stöð hefur verið kölluð út í bráðatilfelli F1 eða F2.

Stjórnandi metur möguleika á aðgerðum miðað við þrjá menn og aðstoð á leiðinni frá annarri/öðrum stöðvum. Viðbótarafli kemur þá að lágmarki frá einni stöð, 4 menn og innan þeirra tímamarka sem koma fram í [kafla 7 í fylgiriti 1 um viðbragðstíma.](#)

Ef aðstæður leyfa, þ.e. ef um staðbundinn eld er að ræða, lítil hætta á útbreiðslu og/eða ef aðstæður breytast til hins verra, getur hann hafið lífbjörgun með því að senda reykkaferana inn með háþrýstislöngu. Stjórnandinn gegnir þá sjálfur stöðu vettvangsstjóra, stjórnanda reykköfunar og þarf að gæta að dælubifreið. Upplýsir aðkomandi stöðvar um hafnar aðgerðir svo þær geti betur undirbúið aðkomu sína. Fyrstu menn sem koma til aðstoðar fara þá í verkefni sem stjórnandi reykköfunar, dælubifreið/vatnsöflun og síðan aðra aðstoð.

Ef þessi staða kemur upp skal skrá hana sérstaklega og greina eftir að útkalli lýkur. Það er á ábyrgð stjórnanda að gera allt til að framkvæma lífbjörgun, þó ekki sé fullmannað á vettvangi skv. ákvæðum laga og reglna þar um, enda teldist það neyðarréttur stjórnanda sbr. 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stjórnandi skal þó ávallt hafa öryggi starfsmanna að leiðarljósi.



4. Mengunaróhapp

Í grunninn er sama uppbygging og skipulag við mengunaróhöpp og í eldsvoðum, kafla , þó með einni undantekningu. Þar sem sérhæfður mengunarbúnaður SHS er staðsettur á slökkvistöðinni við Skútahraun í Hafnarfirði, er sú stöð ávallt boðuð í verkefni sem kalla á þann sérhæfða búnað og þekkingu á hann.

Gengið er út frá ákveðnum grunnverkefnum, án þess að farið sé of ítarlega í þau, en þau eru

- vettvangsstjórn,
- dæla, bifreið og búnaður,
- stjórnun efnakafara,
- efnaköfun, innan hættusvæðis,
- hlutastjórnun ýmissa verkþátta,
- vatnsöflun og önnur verkefni utanhúss.

Á hverri slökkvibifreið er ákveðin grunnbúnaður vegna mengunaróhappa. Þannig geta allar stöðvar tekist á við minniháttar mengunaróhapp, t.d. vegna leka frá bifreiðum eftir umferðarslys, minni leka sýru af rafgeymi og þess háttar. Einnota eiturefnagallar eru á hverri slökkvibifreið, bæði til að klæðast við lífbjörgun í upphafi útkalls, en einnig sem slettuvörn ef á þarf að halda.

Önnur aðstoð/verkefni sem gera má ráð fyrir að þurfi að leysa eru t.d.

- sjúkrabifreið/-bifreiðar, aðstoð við almenning, vettvang o.fl.
- löggæsla, lokanir, rannsókn o.fl.

4.1 Viðbragðsflokkur 1

Lítið mengunaróhapp þar sem gert er ráð fyrir að mannaflí frá einni stöð ráði við verkefnið og að ekki þurfi sérhæfðan mengunarbúnað frá stöðinni við Skútahraun. Ekki gert ráð fyrir flóknum verkefnum, í raun er ekki um eiginlegt hættusvæði að ræða. Minniháttar, staðbundinn leki af hættulegum vökva, minniháttar leki af hættulegu gasi, í litlu magni. Ekki hætta á útbreiðslu efnisins. Reykkafarar geta þurft að setja á sig reykköfunartæki og fara í einnota efnagalla (slettuvörn). Gert er ráð fyrir að ökumaður sjái um dæluna, bifreið og búnað hennar, ásamt því að aðstoða við verkefnið.

Hér er miðað við að ein fimm manna áhöfn komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 7. Verkpættir viðbragðsflokks 1.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F																			1	0	
Stjórnun efnakafara			F																		1	0	
Efnaköfun, innan hættusvæðis				F	F																2	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta																					0	0	
Verkefni utan hættusvæðis		V	V	V	V																0	4	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	5	4

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi efnakafara.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna efnaköfun ef það er nauðsynlegt.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, m.a. hvort færa þurfi verkefnið í annan viðbragðsflokk og kalla eftir frekari aðstoð.

4.2 Viðbragðsflokkur 2

Verkefni sem kallar á viðbragð frá 1-2 stöðvum og sérhæfðan mengunarbúnað frá Skútahrauni. Boðun neyðarlínu er F1, allar stöðvar í viðbragðsstöðu. Sent er frá þeirri stöð sem er næst vettvangi og síðan einni stöð til aðstoðar eftir atvikum. Önnur þessara tveggja stöðva verður að vera Skútahraun vegna sérhæfðs mengunarbúnaðar. Leki af hættulegu efni, s.s. vökva eða gasi. Kallar á hættusvæði og notkun reykköfunartækja og eiturefnagalla. Ekki mikil hættu á frekari útbreiðslu.

Hér er miðað við að tvær fimm manna áhafnir komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 8. Verkpættir viðbragðsflokks 2.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F					F														2	0	
Stjórnun efnakafara			F					F													2	0	
Efnaköfun, innan hættusvæðis				F	F				F	F											4	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta						F															1	0	
Verkefni utan hættusvæðis		V	V	V	V		V	V	V	V											0	8	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	10	8

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi efnakafara.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna efnaköfun.

Stöð 2:

- Varðstjóri aðstoðar vettvangsstjóra og tekur að sér hlutastjórnun ýmissa verkþátta.
- Ökumaður er tilbúinn að aðstoða ökumann á stöð 1 og fer jafnvel í verkefni utan hættusvæðis.
- Slökkviliðsmaður 3 er tilbúinn að aðstoða stjórnanda efnakafara eða fara jafnvel í verkefni utan hættusvæðis.
- Slökkviliðsmaður 4 og 5 eru tilbúnir að fara í efnaköfun eða fara jafnvel í verkefni utan hættusvæðis.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, m.a. hvort færa þurfi verkefnið í annan viðbragðsflokk og kalla eftir frekari aðstoð.

4.3 Viðbragðsflokkur 3

Verkefni sem kallar á viðbragð frá 2-3 stöðvum og á sérhæfðan mengunarbúnað frá Skútahrauni. Boðun neyðarlínu er F1, allar stöðvar í viðbragðsstöðu. Sent er frá þeirri stöð sem er næst, vettvangi og síðan ein til tvær stöðvar til aðstoðar eftir atvikum. Ein þessara stöðva verður að vera Skútahraun vegna sérhæfðs mengunarbúnaðar. Lífbjörgun, fólk í hættu. Leki af hættulegu efni, s.s. vökva eða gasi. Kallar á stærra hættusvæði og notkun reykköfunartækja og eiturefnagalla. Hætta á frekari útbreiðslu.

Hér er miðað við að þrjár fimm manna áhafnir komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 9. Verkpættir viðbragðsflokks 3.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F					F					F									3	0	
Stjórnun efnakafara			F					F					F								3	0	
Efnaköfun, innan hættusvæðis				F	F				F	F				F	F						6	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta						F					F										2	0	
Verkefni utan hættusvæðis		V	V	V	V		V	V	V	V		V	V	V	V						0	12	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	15	12

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi efnakafara.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna efnaköfun.

Stöð 2 og 3:

- Varðstjóri aðstoðar vettvangsstjóra og tekur að sér hlutastjórnun ýmissa verkþátta.
- Ökumaður er tilbúinn að aðstoða ökumann á stöð 1 og fer jafnvel í verkefni utan hættusvæðis.
- Slökkviliðsmaður 3 er tilbúinn að aðstoða stjórnanda efnakafara eða fara jafnvel í verkefni utan hættusvæðis.
- Slökkviliðsmaður 4 og 5 eru tilbúnir að fara í efnaköfun eða fara jafnvel í verkefni utan hættusvæðis.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, m.a. hvort færa þurfi verkefnið í annan viðbragðsflokk og kalla eftir frekari aðstoð.

4.4 Viðbragðsflokkur 4

Verkefni sem kallar á viðbragð frá 3-4 stöðvum og á sérhæfðan mengunarbúnað frá Skútahrauni. Boðun neyðarlínu er F1, allar stöðvar í viðbragðsstöðu. Sent er frá þeirri stöð sem er næst vettvangi og síðan aðrar stöðvar til aðstoðar eftir atvikum. Ein þessara stöðva verður að vera Skútahraun vegna sérhæfðs mengunarbúnaðar. Lífbjörgun, fólk í hættu. Mikill leki af hættulegu efni, s.s. vökva eða gasi. Kallar á stórt hættusvæði og notkun reykköfunartækja og eiturefnagalla. Töluverð hætta á frekari útbreiðslu.

Hér er miðað við að fjórar fimm manna áhafnir komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 10. Verkpættir viðbragðsflokks 4.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F					F					F					F				4	0	
Stjórnun efnakafara			F					F					F					F			4	0	
Efnaköfun, innan hættusvæðis				F	F				F	F				F	F				F	F	8	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta						F					F					F					3	0	
Verkefni utan hættusvæðis		V	V	V	V		V	V	V	V		V	V	V	V		V	V	V	V	0	16	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	20	16

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi efnakafara.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna efnaköfun.

Stöð 2, 3 og 4:

- Varðstjóri aðstoðar vettvangsstjóra og tekur að sér hlutastjórnun ýmissa verkþátta.
- Ökumaður er tilbúinn að aðstoða ökumann á stöð 1 og fer jafnvel í verkefni utan hættusvæðis.
- Slökkviliðsmaður 3 er tilbúinn að aðstoða stjórnanda efnakafara eða fara jafnvel í verkefni utan hættusvæðis.
- Slökkviliðsmaður 4 og 5 eru tilbúnir að fara í efnaköfun eða fara jafnvel í verkefni utan hættusvæðis.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra, m.a. hvort færa þurfi verkefnið í annan viðbragðsflokk og kalla eftir frekari aðstoð.

4.5 Viðbragðsflokkur 5

Verkefni þar sem daglegt viðbragð SHS, mönnun á vakt og/eða sérhæfður mengunarbúnaður dugir ekki og gera þarf frekari ráðstafanir. Þær geta m.a. falist í eftirfarandi:

- Starfsmenn af frívakt kallaðir út. Allir starfsmenn SHS eru boðaðir í gegnum farsíma og boðað er af Neyðarlínu.
- Óskað eftir aðstoð frá öðrum viðbragðsaðilum á starfssvæði SHS.
- Óskað eftir aðstoð frá nærliggjandi slökkviliðum og viðbragðsaðilum.
- Óskað eftir aðstoð frá fyrirtækjum sem búa yfir mannafla og/eða búnaði sem gæti nýst við viðkomandi verkefni.

Lífbjörgun, fólk í hættu. Mikill leki af hættulegu efni, s.s. vökva eða gasi. Kallar á stórt hættusvæði og notkun reykköfunartækja og eiturefnagalla. Mikil hættu á frekari útbreiðslu.

Fleiri en eitt verkefni sem koma upp á sama tíma geta einnig skapað þetta ástand.

4.6 Fjórir slökkviliðsmenn

Í dæmunum hér að framan var gert ráð fyrir að allar stöðvar væru mannaðar fimm mönnum, en svo er ekki. Mönnun á Skarhóla-braut er fjórir menn, en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi í fimm á gildistíma brunavarnaáætlunarinnar. [Sjá framkvæmdaáætlun í brunavarnaáætlun.](#)

Stjórnandi metur möguleika á aðgerðum miðað við fjóra slökkviliðsmenn og aðstoð á leiðinni. Hann getur ákveðið að hefja lífbjörgun með reykköfum í eldgöllum og mögulega einnota eiturefnagöllum, en það byggir á aðstæðum, efninu sem um ræðir, byggingunni ef efnalekinn er innanhúss og fleiru. Stjórnandinn gegnir þá sjálfur stöðu vettvangsstjóra og stjórnanda efnaköfunar. Hann upplýsir aðkomandi stöðvar um hafnar aðgerðir svo þær geti betur undirbúið aðkomu sína. Fyrstu menn sem koma til aðstoðar fara þá í verkefni sem stjórnandi efnaköfunar og síðan aðra aðstoð.

Ef þessi staða kemur upp skal skrá hana sérstaklega og greina eftir að útkalli lýkur. Það er á ábyrgð stjórnanda að gera allt til að framkvæma lífbjörgun, þó ekki sé fullmannað á vettvangi skv. ákvæðum laga og reglna þar um, enda teldist það neyðarréttur stjórnanda sbr. 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stjórnandi skal þó ávallt hafa öryggi starfsmanna að leiðarljósi.

4.7 Þrír slökkviliðsmenn

Í undantekningartilfellum geta þrír menn þurft að sinna útköllum vegna slökkvistarfa, það er ef sjúkrabifreið af viðkomandi stöð hefur verið kölluð út í bráðatilfelli F1 eða F2.

Stjórnandi metur möguleika á aðgerðum miðað við þrjá menn og aðstoð á leiðinni frá annarri/öðrum stöðvum. Viðbótarafli kemur þá að lágmarki frá einni stöð, 4 menn og innan þeirra tímamarka sem koma fram í fylgiriti 1 um viðbragðstíma.

Ef aðstæður leyfa getur hann hafið lífbjörgun með reykköfum í eldgöllum og mögulega einnota eiturefnagöllum, en það byggir á aðstæðum, efninu sem um ræðir, byggingunni ef efnalekinn er innanhúss og fleiru. Stjórnandinn gegnir þá sjálfur stöðu vettvangsstjóra, stjórnanda efnaköfunar og þarf að gæta að dælubifreið. Hann upplýsir aðkomandi stöðvar um hafnar aðgerðir svo þær geti betur undirbúið aðkomu sína. Fyrstu menn sem koma til aðstoðar fara þá í verkefni sem stjórnandi efnaköfunar, dælubifreið/vatnsöflun og síðan í aðra aðstoð.

Ef þessi staða kemur upp skal skrá hana sérstaklega og greina eftir að útkalli lýkur. Það er á ábyrgð stjórnanda að gera allt til að framkvæma lífbjörgun, þó ekki sé fullmannað á vettvangi skv. ákvæðum laga og reglna þar um, enda teldist það neyðarréttur stjórnanda sbr. 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stjórnandi skal þó ávallt hafa öryggi starfsmanna að leiðarljósi.



5. Björgun á fastklemmdu fólki

Í grunninn er sama uppbygging og skipulag við björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum, s.s. við umferðaróhöpp, og í eldsvoðum, kafla 3. Á hverri slökkvibifreið er ákveðinn grunnbúnaður til að takast á við umferðarslys og aðra björgun á fastklemmdu fólki.

Unnið er að því að efla svokallaðan björgunargám, sem staðsettur er á slökkvistöðinni við Skútahraun í Hafnarfirði. Þar er nú þegar staðsettur sérhæfður björgunarbúnaður, svo sem stoðir, timbur til styrkingar, ýmis björgunarverkfæri o.s.frv. Björgunargámurinn er hugsaður sem viðbót vegna stærri björgunaraðgerða svo sem vegna rústabjörgunar, hruns og annarra alvarlegra tilfella.

Gengið er út frá ákveðnum grunnverkefnum, án þess að farið sé of ítarlega í þau, en þau eru

- vettvangsstjórn,
- dæla, bifreið og búnaður,
- stjórnun klippu- og björgunarvinnu,
- klippu- og björgunarvinna,
- hlutastjórnun ýmissa verkþátta,
- önnur verkefni.

5.1 Viðbragðsflokkur 1

Einfalt verkefni sem gert er ráð fyrir að mannaflí og tæki frá einni stöð ráði við. Minniháttar umferðaróhapp eða slys þar sem einn einstaklingur er mögulega klemmdur eða fastur.

Hér er miðað við að ein fimm manna áhöfn komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 11. Verkpættir viðbragðsflokks 1.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F																			1	0	
Stjórnun klippu- og björgunarvinnu			F																		1	0	
Klippu- og björgunarvinna				F	F																2	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta																					0	0	
Önnur verkefni		V	V	V	V																0	4	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	5	4

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi klippu- og björgunarvinnu.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna klippu- og björgunarvinnu.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra.

5.2 Viðbragðsflokkur 2

Verkefni sem kallar á viðbragð frá 1-2 stöðvum. Boðun neyðarlínu er F1, allar stöðvar í viðbragðsstöðu. Sent er frá þeirri stöð sem er næst vettvangi og síðan ein stöð til aðstoðar eftir atvikum. Umferðaróhapp eða slys þar sem einn til tveir einstaklingar eru mögulega fastir eða klemmdir.

Hér er miðað við að tvær fimm manna áhafnir komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 12. Verkbættir viðbragðsflokks 2.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F					F														2	0	
Stjórnun klippu- og björgunarvinnu			F					F													2	0	
Klippu- og björgunarvinna				F	F				F	F											4	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta						F															1	0	
Önnur verkefni		V	V	V	V		V	V	V	V											0	8	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	10	8

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi klippu- og björgunarvinnu.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna klippu- og björgunarvinnu.

Stöð 2:

- Varðstjóri aðstoðar vettvangsstjóra og tekur að sér hlutastjórnun ýmissa verkþátta.
- Ökumaður er tilbúinn að aðstoða ökumann á stöð 1 og fer jafnvel í önnur verkefni.
- Slökkviliðsmaður 3 er tilbúinn að aðstoða stjórnanda klippu- og björgunarvinnu eða fara jafnvel í önnur verkefni.
- Slökkviliðsmaður 4 og 5 eru tilbúnir að fara í klippu- og björgunarvinnu eða fara jafnvel í önnur verkefni.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra.

5.3 Viðbragðsflokkur 3

Verkefni sem kallar á viðbragð frá 2-3 stöðvum. Boðun neyðarlínu er F1, allar stöðvar í viðbragðsstöðu. Sent er frá þeirri stöð sem er næst vettvangi og síðan ein til tvær stöðvar til aðstoðar eftir atvikum. Alvarlegt umferðarslys, sprenging, hrun eða annað slys þar sem fólk er fastklemmt.

Hér er miðað við að þrjár fimm manna áhafnir komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 13. Verkbættir viðbragðsflokks 3.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F					F					F									3	0	
Stjórnun klippu- og björgunarvinnu			F					F					F								3	0	
Klippu- og björgunarvinna				F	F				F	F				F	F						6	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta						F					F										2	0	
Önnur verkefni		V	V	V	V		V	V	V	V		V	V	V	V						0	12	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	15	12

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi klippu- og björgunarvinnu.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna klippu- og björgunarvinnu.

Stöð 2 og 3:

- Varðstjóri aðstoðar vettvangsstjóra og tekur að sér hlutastjórnun ýmissa verkþátta.
- Ökumaður er tilbúinn að aðstoða ökumann á stöð 1 og fer jafnvel í önnur verkefni.
- Slökkviliðsmaður 3 er tilbúinn að aðstoða stjórnanda klippu- og björgunarvinnu eða fara jafnvel í önnur verkefni.
- Slökkviliðsmaður 4 og 5 eru tilbúnir að fara í klippu- og björgunarvinnu eða fara jafnvel í önnur verkefni.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra.

5.4 Viðbragðsflokkur 4

Verkefni sem kallar á viðbragð frá 3-4 stöðvum. Boðun neyðarlínu er F1, allar stöðvar í viðbragðsstöðu. Sent er frá þeirri starfsstöð sem er næst vettvangi og síðan ein til þrjár stöðvar til aðstoðar eftir atvikum. Alvarlegt umferðarslys með fólksflutningabifreiðum, sprenging, hrun eða annað slys þar sem margt fólk er fastklemmt.

Hér er miðað við að fjórar fimm manna áhafnir komi á staðinn, án annarrar aðstoðar. Nýting á mannafla er á eftirfarandi hátt.

Tafla 14. Verkpættir viðbragðsflokks 4.

	Stöð 1					Stöð 2					Stöð 3					Stöð 4					Forgangsverkefni	Viðbótarverkefni	
	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5	Varðstjóri	Ökumaður	Slökkviliðsm 3	Slökkviliðsm 4	Slökkviliðsm 5			
Vettvangsstjórn	F																				1	0	
Dæla, bifreið og búnaður		F					F					F					F				4	0	
Stjórnun klippu- og björgunarvinnu			F					F					F					F			4	0	
Klippu- og björgunarvinna				F	F				F	F				F	F				F	F	8	0	
Hlutastjórnun ýmissa verkþátta						F					F					F					3	0	
Önnur verkefni		V	V	V	V		V	V	V	V		V	V	V	V		V	V	V	V	0	16	
F = Forgangsverkefni V = Viðbótarverkefni																					Samtals:	20	16

Stöð 1:

- Varðstjóri verður vettvangsstjóri.
- Ökumaður sér um dælu, bifreið og annan búnað ásamt einfaldari vatnsöflun í upphafi ef þörf er á.
- Slökkviliðsmaður 3 verður stjórnandi klippu- og björgunarvinnu.
- Slökkviliðsmenn 4 og 5 sinna klippu- og björgunarvinnu.

Stöð 2, 3 og 4:

- Varðstjóri aðstoðar vettvangsstjóra og tekur að sér hlutastjórnun ýmissa verkþátta.
- Ökumaður er tilbúinn að aðstoða ökumann á stöð 1 og fer jafnvel í önnur verkefni.
- Slökkviliðsmaður 3 er tilbúinn að aðstoða stjórnanda klippu- og björgunarvinnu eða fara jafnvel í önnur verkefni.
- Slökkviliðsmaður 4 og 5 eru tilbúnir að fara í klippu- og björgunarvinnu eða fara jafnvel í önnur verkefni.

Allt getur tekið breytingum samkvæmt ákvörðun vettvangsstjóra.

5.5 Viðbragðsflokkur 5

Verkefni þar sem daglegt viðbragð SHS, mönnun á vakt dugir ekki og gera þarf frekari ráðstafanir. Þær geta m.a. falist í eftirfarandi:

- Starfsmenn af frívakt kallaðir út. Allir starfsmenn SHS eru boðaðir í gegnum farsíma og boðað er af Neyðarlínu.
- Óskað eftir aðstoð frá öðrum viðbragðsaðilum á starfssvæði SHS, t.d. björgunarsveitum með sérhæfðan rústabjörgunarbúnað.
- Óskað eftir aðstoð frá nærliggjandi slökkviliðum og viðbragðsaðilum.
- Óskað eftir aðstoð frá fyrirtækjum sem búa yfir mannafla og/eða búnaði sem gæti nýst við viðkomandi verkefni.

Alvarlegt umferðarslys með fjölda bifreiða og/eða rútubifreiðar og erfiðar aðstæður. Meiriháttar hrun í byggingu með fjölda fólks, sprengingu eða öðru slysi þar sem slysið, aðstæður og fólksfjöldi kallar á aukinn mannskap og búnað.

Fleiri en eitt verkefni sem koma upp á sama tíma geta einnig skapað þetta ástand.





6. Stjórnun

Stjórnendum SHS í aðgerðum má skipta upp í þrennt:

- Slökkviliðsstjóri (staðgengill slökkviliðsstjóra)
- Innri stjórnandi (stoðdeildarmaður)
- Ytri stjórnun (varðstjóri)

Aðstoðarvarðstjórar leysa stoðdeildarmann og varðstjóra af í fjarveru þeirra svo sem vegna orlofs, námskeiða og veikinda.

Stjórnun SHS í aðgerðum er með tvennu móti, innri stjórnun (aðgerðastjórn) og vettvangsstjórn.

6.1 Slökkviliðsstjóri og staðgenglar

Slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri eru ávallt á bakvakt og til staðar á starfssvæði slökkviliðsins. Heimilt er að manna slíkar vaktir með staðgenglum og í byrjun árs 2017 voru það sviðsstjóri forvarnasviðs og tveir deildarstjórar á aðgerðasviði. Í forföllum slökkviliðsstjóra er varaslökkviliðsstjóri yfirmaður slökkviliðs.

Miðað er við að bakvaktarmaður sé kominn á vettvang eða inn á stoðdeild 15 til 20 mínútum eftir að hann er kallaður út. Bakvaktarmaður er boðaður samkvæmt verklagsreglum þar að lútandi.

Á vettvangi er löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæðið sem slökkvilið þarf til að sinna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf, aðstoðar við björgun verðmæta og varðveitir muni sem bjargað er frá skemmdum þar til þeir eru afhentir réttum aðila.

6.2 Innri stjórnun, aðgerðastjórn

Innri stjórnandi, varðstjóri stoðdeildar, er til staðar allan sólarhringinn allan ársins hring. Hann hefur yfirsýn yfir stöðu verkefna og afls á hverjum tíma og tekur ákvarðanir sem hafa áhrif á heildina, eftir atvikum í samráði við bakvaktarmann. Hann er því í aðgerðastjórn af hálfu SHS strax frá upphafi aðgerða. Í flestum tilfellum er varðstjóri stoðdeildar eini innri stjórnandinn, en sé útkallið stórt, flókið, tímafrekt o.s.frv. hefur varðstjóri stoðdeildar sem innri stjórnandi samráð við bakvaktarmann, vakthafandi slökkviliðsstjóra, hverju sinni.

Við stærri, flóknari eða lengri verkefni er bakvaktarmaður virkjaður í aðgerðastjórn með varðstjóra stoðdeildar. Um er að ræða eldsvoða, mengunaróhapp eða björgun á fastklemmdu fólki sem kallar á viðbragð frá tveim eða fleiri stöðvum, þ.e. viðbragðsflokkur 2 eða hærri.

Þegar verkefni kalla á formlega aðgerðastjórn eru fleiri boðaðir í hana, en það geta verið aðrir starfsmenn sem sinna bakvöktum eða aðrir sem sinna stöðu varðstjóra stoðdeildar. Verkefnið hefur þá áhrif á stærra svæði, kallar t.d. á rýmingu, eða stendur lengur en í fjóra tíma og skipuleggja þarf framhaldsvinnu til lengri tíma.

6.3 Ytri stjórnun, vettvangsstjórn

Varðstjórar á stöðvum eru vettvangs- og hlutastjórnendur. Fyrsti varðstjóri á vettvang tekur hlutverk vettvangsstjóra. Næstu geta tekið að sér stjórn á ákveðnum þáttum vettvangsins, ákveðið svæði eða verkefni.

Slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans á bakvakt er boðaður á vettvang samkvæmt verklagsreglum. Hann tekur þá heildarstjórnun, samskipti við lögreglu og aðra utanaðkomandi. Hann verður í raun vettvangsstjóri og hlutverk varðstjóra breytist í björgunarstjóra, í samræmi við verkþáttaskipulag almannavarna.

7. Heimildir

7.1 Helstu heimildir

Mannvirkjastofnun. (2015). 6.042 *Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaráætlana* (Útgáfa 1.0).
Reykjavík: Höfundur.

7.2 Helstu lög og reglugerðir

[Lög um brunavarnir nr. 75/2000](#)

[Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004](#)

[Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018](#)

[Reglugerð um reykköfun nr. 1088/2013](#)



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins 2018